

Samantekt ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2020

Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps var stofnað vorið 2017 og fóru fyrstu fundarhöld fram um haustið sama ár. Meðal annars var fundað um skólabílamál Flúðaskóla og á þeim fundi voru teknar niður spurningar sem síðan voru lagðar fyrir á fundi með skólastjórnendum skólans. Að auki stóð til að athuga hvort ungmennaráðið gæti stuðlað að sameiginlegum akstri á íþróttar- og frístundartíma í öðrum sveitarfélögum. Þessi hugmynd komst því miður ekki í verk.

Árið 2018 var mikið fundað um ýmis málefni s.s. kosningarmyndband sem átti að auðvelda yngir kjósendum að nálgast kosningarnar og málefni tengd henni. Ráðstefna á vegum UMFÍ að nafni Ungt fólk og Lýðræði, var haldin sama ár þar sem fulltrúar Ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps voru Ástráður Unnar Sigurðsson og Mattías Bjarnason. Þá ber að nefna að ungmennaráðið skoraði hátt í skala á ráðstefnunni fyrir samskipti ungmennaráðs við sveitarstjórn. Menningar- og Æskulýðsnefnd bauð meðlimum ungmennaráðsins að taka virkann þátt í uppsetningu Uppsprettunar 2018 og þá sérstaklega í skemmtunar haldi á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Því næst voru ungmennaráðinu settar siðareglur og langtíma markmið af meðlimum þess. Sem dæmi um markmið má nefna aukinn samskipti við önnur ungmennaráð og aukið samstarf við menningar og æskulýðsnefnd.

Gengið var í það verkefni árið 2019 að setja upp erindisbréf Ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir eftir þartilgreindum sveitarstjórnarlögum. Nokkuð var fundað þetta ár með öðrum ungmennaráðum uppsveitanna með það markmið í huga að stofna til ráðstefnu. Sú ráðstefna kom þó aldrei til vegna mikils annríkis áætlaðra þáttakenda. Einnig voru fundnir eftirmenn til þess að taka við starfsemi ráðsins.

Við hefðum viljað gera mikið meira á okkar tíma í Ungmennaráði Skeiða- og Gnúpverjahrepps en það verður bara að bíða betri tíma. Við óskum meðlimum næsta ráðs farsældar og vonum að þau geti starfað staðið fyrir sínum áætlunum.

Ástráður Unnar Sigurðsson

Guðmundur Heiðar Ágústson

Matthías Bjarnason

Iðunn Ósk Jónsdóttir

Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir